



tonihar013

54 Evrópumótið í bridge. Síðasti dagur. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum þá eru sveitir dregnar í dilka fyrir mót og styrkleikaraðað. Svo hafa þeir síðustu umferðirnar sem mest innbyrðisleiki. Keppinautar okkar eru því að fara í erfiða leiki svo ég vonaði það besta, en auðvitað bjóst við því versta.

Eins og lesendur hafa séð þá er ég að setja pistilinn saman meðan á leikjum stendur. Ég nenni ekki að eyða orku í að hanga yfir þeim við borðið eða ráfa um spilastaðinn. Ég fer upp á hótél og fylgist með, a.m.k. með öðru auganu. Þetta er síðasti pistill frá þessu móti, nú er komið nóg af bullinu í mér. Þótt Íslenskukennarinn í liðinu hafi ekki gefið mér falleinkunn fyrir málfar og stafsetningu þá reikna ég með að töluvert af villum hafi slæðst með. Afsakið það.

Laugardagur 16.júní

Leikur 31

## Lettland

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 8-34 3,91 stig

Við verðum að fara að vinna leiki. Helst alla leikina í dag. En enginn leikur er auðveldur, allra síst við Letta. Þeir hafa stundum farið illa með okkur. Þeir voru búnir að stilla upp sínu sterkasta á móti okkur en vegna veikinda þá skiptu þeir út manni.

Nú kom vondur leikur hjá okkur, lítið inn og mikið út. Það voru færi til að laga þetta aðeins en þau voru ekki nýtt. Það er erfitt að standa á hliðarlínunni og geta ekkert gert. Ég hugsaði hvað gerði ég rangt? Hvað gat ég gert til að laga þetta? Auðvitað er það þjálfarinn sem verður að svara til saka. Hvilík hörmung.

Leikur 32

## Belgía

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 34-31 10,91 stig

Leikir heimamanna hafa verið upp og niður. Þeir eru eins og Lettarnir búnir að vera lengi í þessu og kunna þetta allt. Núna vorum við komnir í þá stöðu að þurfa að skora. Það varð eitthvað að gerast, það vantaði stig í plúsdálkinn, helst mörg. Ég hafði inná mennina sem voru líklegastir til að láta eitthvað gerast og vonaði að það kæmi meira inn en út. Þegar Jón eða Matti detta í stuð þá skora þeir.

Ég fór upp á hótél. Það voru Frakkar að horfa á boltann í lobbíinu. Þeir virtust niðurdregnari en ég.

Þetta hélt áfram að vera vont. Við mörðum þó sigur en ekki nógu stóran til að vera í góðum séns. Samt er enn vonarglæta. Skrítið eftir 5 töp í röð og þetta jafntefli.



Það gekk fátt upp í dag.

## Leikur 33

### Grikkland

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 7-41 2,69 stig

Grikkir hafa verið að koma upp síðustu ár. Þeir hafa reyndar endað aðeins neðar en við í undanförunum mótum en þeir hafa verið að nálgast okkur. Okkur hefur gengið ágætlega með þá, en það telur ekkert í dag. Ég var að vona að ná þeim í spennufalli ef þeir væru úr séns í síðasta leik.

Grikkirnir komu í leikinn með stórtap á bakinu. Spurning hvornig það fór í þá. Við vorum í séns og ég setti því reynsluna í liðinu inná til að klára mótið. Reynsla getur verið dýrmæt á svona stundum.

En það er sama hvaða speki maður notaði, ekkert gekk upp. Það má segja um þetta mót að það byrjaði vel en endaði illa. Það er ekki í fyrsta sinn sem það kemur upp. Mótið endaði ömurlega. Ég tek þetta á mig. Það var augljóslega eitthvað mikið að í lok móts og það liggur beinast við að taka þjálfarann á teppið, því árangur var hörmulegur miðað við stöðuna sem við vorum komnir í. Við getum ekki kvartað yfir aðstæðum, þær voru fínar. Hótelíð var nálægt spilastað og var ágætt. Veðrið var gott og það var ekki of hlýtt.

#### Butlerinn

Jón - Bessi +0,48 366 spil

Matti - Alli +0,16 352 spil

Ómar - Raggi - 0,09 304 spil



Jón og Bessi voru í 9. sæti í butlernum



Ragnar Magnússon var að spila sitt annað EM Hann spilaði við Aðalstein á EM í Turku 1989. Raggi hefur einnig spilað í landsliðinu á Norðurlandamótum og í yngri spilara flokki. Með honum í junioraflokknum voru m.a. kunnir kappar eins og Anton R. Gunnarsson, Valgarð Blöndal, Svavar Björnsson, Karl Logason, Júlíus Sigurjónsson og Jakob Kristinsson. Raggi hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra móta, m.a. í Danmörku, Svíþjóð, Hollandi og Frakklandi.

#### Lokaorð

Þetta var skemmtilegt mót framan af. Það gekk ágætlega, við vorum í baráttunni og vorum vel sýnilegir og mikið á bbo. 14. sæti var vonbrigði en kom ekki mikið á óvart. Það var töluvert lagt í þetta en auðvitað hefði það átt að vera meira. Allt sem ég óttaðist fyrir mót hefur bitið okkur í afturendann, sérstaklega í lokakaflanum. Slemmurnar, líkamlegt úthald og spilaúthald.

Árangur krefst vinnu. Þetta er mikil vinna en ef dreift á langan tíma þá þarf það ekki að vera nein kvöð, er jafnvel gaman. Ég minni þá á sem gáfu ekki kost á sér í þetta sinn að það getur verið rosalega gaman þegar vel gengur. Til að allt gangi upp þá verða menn að undirbúa sig vel. Þetta hangir allt saman. Ég veit ekki enn hvað undirbúningurinn fyrir þetta mót virkaði vel. Ýmislegt var látið sitja á hakanum en ég hugsa landsliðsmál sem

langtímaverkefni. Það veikir undirbúninginn að þurfa alltaf að þjálfa upp ný pör því nýtt par þarf ekki sömu æfingar og vant par. Undirbúningurinn fyrir þetta mót stóð yfir í nokkra mánuði. Það er alls ekki nóg að mínu mati. Eitt ár, jafnvel tvö væri nær lagi. Þess vegna er mikilvægt að huga stöðugt að þessum málum, ekki bara rétt fyrir mót.



Svíar voru með junioraliðið sitt hér og voru í baráttu um efstu sætin, enduðu í 4. sæti. Og hér er næsta kynslóð á leiðinni.

Það voru vonbrigði í bæði kvenna og seniora-flokknum líka. Liðin náðu sér ekki á strik og enduðu neðar en ég var að vona.

#### Lokastaða, Opinn flokkur

1		NORWAY	417.25
2		ISRAEL	415.34
3		RUSSIA	406.06
4		SWEDEN	396.16
5		NETHERLANDS	392.03
6		MONACO	383.89
7		ENGLAND	381.80
8		ITALY	375.36
9		POLAND	372.05
10		GREECE	371.94
11		HUNGARY	371.36
12		FRANCE	368.09
13		GERMANY	363.95
14		ICELAND	360.94
15		DENMARK	349.92
16		BULGARIA	349.62
17		BELGIUM	346.55
18		FINLAND	332.23
19		LATVIA	329.65
20		ESTONIA	328.37
21		TURKEY	322.29
22		AUSTRIA	322.26
23		IRELAND	318.63
24		SPAIN	303.45
25		LITHUANIA	303.13
26		PORTUGAL	277.65
27		CZECH REPUBLIC	262.13
28		CROATIA	255.20
29		SWITZERLAND	253.54
30		UKRAINE	235.11
31		WALES	231.76
32		ROMANIA	228.56
33		SCOTLAND	217.23

tonihar013, 17.júní 2018  
[tonihar@simnet.is](mailto:tonihar@simnet.is)